

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/725
komudagur 26.11.2012



AKUREYRARBÆR
Bæjarlögmaður

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 26. nóvember 2012
2012110050 01-106-05

Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál, 2012

Bæjarráð tók fyrir á fundi sínum þann 15. nóvember 2012 erindi dags. 8. nóvember 2012 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál, 2012. Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður sat fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð bókaði:

Bæjarráð tekur heils hugar undir frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál, 2012 og felur bæjarlögmanni að senda umsögn í samræmi við umræður á fundinum og fyrri bókanir bæjarráðs.

Bæjarráð vísar til mikilvægis þess að hafa Reykjavíkurflugvöll sem miðstöð innanlandsflugs.

Bæjarráð vísar til skýrslu KPMG: <http://www.mbl.is/media/38/5338.pdf>, frá 25. september 2012, þar sem fjallað er um áhrif miðstöðvar innanlandsflugs frá Reykjavík og bókana bæjarráðs og bæjarstjórnar um málið.

Eftirfarandi bókanir hefir bæjarstjórn og bæjarráð gert, sem vísað er til:

Reykjavíkurflugvöllur - framtíðarstaðsetning

Bæjarstjórn 16. nóvember 2012 2007110127

Bæjarfulltrúi D-lista, Njáll Trausti Friðbertsson, óskaði eftir að málefni Reykjavíkurflugvallar yrði tekið til umfjöllunar.

Njáll Trausti lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkir að fela bæjarstjóra að láta vinna skýrslu um afleiðingar þess fyrir Akureyri og þá sem nýta sér Akureyrarflugvöll að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður af í núverandi mynd. Sérstaklega verði litið til öryggissjónarmiða, sem og efnahagslegra áhrifa við gerð skýrslunnar.

Bæjarstjóri vinni verkefnið í samráði við bæjarstjórana á Ísafirði, Fljótsdalshéraði og í Vestmannaeyjum vegna hugsanlegrar aðkomu þeirra að verkefninu fyrir þeirra bæjarfélög. Bæjarstjóra einnig falið að upplýsa borgarstjóra um verkefnið.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða bókun með 11 samhljóða atkvæðum

Bæjarlögmaður

Reykjavíkurlflugvöllur - framtíðarstaðsetning

Bæjarráð 29. nóvember 2007 2007110127

Bæjarfulltrúi D-lista, Njáll Trausti Friðbertsson, óskaði eftir að málefni Reykjavíkurlflugvallar yrði tekið til umfjöllunar. Njáll Trausti lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkir að fela bæjarstjóra að láta vinna skýrslu um afleiðingar þess fyrir Akureyri og þá sem nýta sér Akureyrarflugvöll að Reykjavíkurlflugvöllur verði lagður af í núverandi mynd. Sérstaklega verði litið til öryggissjónarmiða, sem og efnahagslegra áhrifa við gerð skýrslunnar.

Bæjarstjóri vinni verkefnið í samráði við bæjarstjórana á Ísafirði, Fljótisdalshéraði og í Vestmannaeyjum vegna hugsanlegrar aðkomu þeirra að verkefninu fyrir þeirra bæjarfélög. Bæjarstjóra einnig falið að upplýsa borgarstjóra um verkefnið.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða bókun með 11 samhljóða atkvæðum

Reykjavíkurlflugvöllur- framtíðarstaðsetning

Bæjarráð 8. apríl 2012 2007110127

Lagt fram til kynningar bréf dags. 25. mars 2010 frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna þar sem hvatt er til að sveitarfélög vinni að því að núverandi staðsetning Reykjavíkurlflugvallar verði til frambúðar í samræmi við fyrri ályktanir FÍA. Einnig eru samgönguyfirvöld hvött til að hefja nú þegar byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni til að bæta aðbúnað við farþega svo íbúar landsins megi búa við sem bestar flugsamgöngur til og frá höfuðborginni.

Bæjarráð þakkar bréfið og tekur heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfinu og vísar til fyrri bókana sinna í þessu sambandi.

Reykjavíkurlflugvöllur og samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni

Bæjarráð 22. desember 2009 2007110127

Bæjarfulltrúi Jóhannes Gunnar Bjarnason óskaði eftir umræðu um málefni Reykjavíkurlflugvallar og samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni.

Lögð fram tillaga að bókun svohljóðandi:

"Bæjarstjórn Akureyrar skorar á samgönguyfirvöld og Reykjavíkurborg að hraða eins og kostur er uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurlflugvöll. Löngu er tímabært að endurnýja þá aðstöðu sem þar er nú til staðar.

Bæjarstjórn Akureyrar skorar jafnframt á borgarstjórn Reykjavíkur að endurskoða þau áform sín að leggja af Reykjavíkurlflugvöll í Vatnsmýri. Nálægð flugvallarins við fyrirhugað hátækni sjúkrahús við Hringbraut tryggir sjúklingum með sjúkraflugi sjálfsagðan og öruggan aðgang að bráðalæknisþjónustu þar sem hver mínúta er dýrmæt. Almenn farþegaflug af landsbyggðinni til Keflavíkur er útilokað vegna fjarlægðar til höfuðborgarinnar."

Bæjarstjórn samþykkir bókunina með 11 samhljóða atkvæðum.

Reykjavíkurlflugvöllur - framtíðarstaðsetning

Bæjarráð 4. september 2008 2007110127

Eftirfarandi tillaga að bókun lögð fram:

Vegna umræðu um flutning Reykjavíkurlflugvallar úr Vatnsmýrinni vill bæjarráð Akureyrar minna á þá ábyrgð og skyldur sem höfuðborg landsins ber gagnvart landsmönnum öllum. Að mati bæjarráðs eru greiðar flugsamgöngur landsbyggðarinnar til Reykjavíkur forsenda þess að borgin geti gegnt hlutverki sínu sem höfuðborg landsins alls. Í höfuðborginni eru höfuðstöðvar stjórnýslu Íslands auk fjölda opinberra viðskipta-, mennta-, menningar- og heilbrigðisstofnana sem eiga þar einnig sínar höfuðstöðvar. Bæjarráð hvetur borgarstjórn Reykjavíkur til að hafa framangreind atriði í huga við umfjöllun sína um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallarins.

Bæjarráð Akureyrar ítrekar fyrri ályktanir vegna þessa máls og bendir á að ef innanlandsflugvöllur verði fluttur úr miðborginni er verið að takmarka aðgengi landsbyggðarfólks að miðstöð stjórnýslu, þjónustu, viðskipta og ekki síst Landspítala háskólasjúkrahúsi með því að lengja ferðatíma til borgarinnar.

Bæjarráð samþykkir bókunina.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar,

Inga Þöll Þórnýsdóttir
bæjarlögmaður